

Fjárfestingar- og viðhaldsáætlun 2021 -2025

Ábendingar Íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals

Frágangur samhliða uppbyggingu

- Áhersla verði áfram lögð á frágang gatna, göngu- og hjólastíga og opinna svæða í hverfinu eftir því sem nýframkvæmdir leyfa.
- Lokið verði við frágang torga í eldri hluta Úlfarsárdals eins og þau eru skilgreind í deiliskipulagi. Torgin verði hellulögð, merkt og bifreiðastöður á þeim bannaðar og mögulega hindraðar s.s. með blómakerjum.
- Lögun hringlaga umferðareyju á Hlínatorgi verði breytt eða hún gerð að hringtorgi.
- Lokið verði við lóðarfrágang á mörkum Úlfarsbrautar og skólalóðar Dalskóla.

Stofnstígar og öryggi gangandi

- Lokið verði við lagningu stofnstíga á útivistarsvæði Úlfarsárdals vestan Fellsvegar. Um 600 m leið norðan Reynisvatnsvegar er ófragengin sem og norður-suður tenging á milli núverandi stíga vestan við Fellsveg. Í kjölfarið verði lokið við tengistíga í dalnum.
- Dregið verði úr umferðarhraða á Reynisvatnsvegi og þverun gangandi gerð öruggari með merktum og upplýstum gangbrautum t.a.m. við Klausturstíg og Kapellustíg.
- Upplýstum og merktum gangbrautum verði fjölgað í nálægð við grunn- og leikskóla.
- Upplýstum og merktum gangbrautum verði komið fyrir á Þúsöld og Fellsvegi.
- Dregið verði úr umferðarhraða um Fellsveg.
- Lagður verði gögnu- og hjólastígur meðfram Vínlandsleið.
- Tryggt verði gott aðgengi gangandi með hjól og barnavagna þar sem stigar eru á gönguleiðum.

Umhverfi

- Gróðursett verði beggja vegna Reynisvatnsvegar til að bæta ásýnd og hlóðvist útivistarsvæðisins sem vegurinn liggur um.
- Unnið verði að gróðursetningu víða um borgarhlutann með sérstaka áherslu á skilgreind útivistarsvæði og opin svæði til fegrunar og skjólmyndunar.

Viðhald

- Sett verði ræsi við göngustíg við golfvöll í Grafarholti þar sem vatn safnast neðst í brekku og flýtur yfir stíginn.
- Eldri leiksvæði í borgarlandi verði yfirfarin og bætt eftir þörfum.
- Göngustígar við Reynisvatn verði lagfærðir.